

Rannsókn á heimildum um klaustur á Íslandi í Fornbréfasafni: Reynistaður, Þingeyrar og Helgafell

Gísli Kristjánsson

Júlí 2014

Þrjú klaustur í Fornbréfasafninu

Ég fór nákvæmlega í gegnum öll 16. bindin af Fornbréfasafninu á bækur.is í leit að heimildum um:

Reynistaðarklaustur
Þingeyraklaustur
Helgafellsklaustur

Ég fylgdi atriðisorðaskránni og fann bréfin út frá henni.

Þessar heimildir hafa oft verið skoðaðar oft áður. Fyrstu bindin af Fornbréfasafninu hefur sr. Janus Jónsson haft við rannsóknir sínar (Ritgerði Janusar 1886) og síðar hefur Gunnar F. Guðmundsson farið yfir þessar sömu heimildir vegna klausturskaflans í Kirkjusögunni. Auk þess nýtti Jónas Guðlaugsson Fornbréfasafnið þegar hann skrifaði greinaflokk sinn um klaustrin í alþýðublaðið á 7. áratugnum.

Árni Daníel Júlíusson hefur einnig unnið uppúr þessum sömu heimildum í bók sína um kirkjueignir.

Leitin hjá mér miðaðist öðru fremur við að finna vísbendingar um húsakost á klaustrunum. Er eitthvað í þessum bréfum sem gefur til kynna hvernig klaustrin voru húsuð, jafnvel eitthvað um staðsetningu þeirra?

Einnig að leita að vísendingum um hlutverk hvers klausturs og daglegt líf þar. Við uppgröftinn á Skriðu kom berlega í ljós að klaustrið þar gegndi sérstöku hlutverki sem líknarstofnun án þess að vikið væri að því í heimildum. Þetta hefur mótað allt starf í klaustrinu.

Bréfin um klaustrin fjalla í stórum dráttum um eignir þeirra. Það var vegna eignanna sem þessi bréf voru varðveitt. Þetta eru sannanir fyrir eignarhaldi á jörðum og ítök klaustranna. Tiltölulega auðvelt er að gera skrá um þessar eignir. Þarna eru líka heimildir um samskipti klaustranna við biskupsstólana.

En í bréfunum er jafnframt að finna nöfn á einstökum byggingum og jafnvel eru nefnd störf einstakra manna. Þetta kemur oftast fram sem aukaefni og tilviljun ein ráðið hvað hefur ratað inn í bréfin af þessu tagi.

Eftir yfirferðina sést að ekki er til í bréfunum heildstæð mynd að húsum og starfi í klaustrunum. Þetta eru því brot og brot hér og þar. Samt er þarna að finna vísbendingar sem gætu nýst við leit og fornleifarannsókn á klausturrústunum.

Þingeyraklaustur:

Mörg bréf sem varða Þingeyraklaustur hafa varðveist. Klaustrið hefur verið mjög ríkt af eignum, bæði jörðum og ítökum. Áberandi er hve mikið klaustrið á af rekafjörum norður eftir öllum Ströndum. Einnig á klaustrið ítök á Skaga. Þetta hlýtur að hafa sett mark sitt á bæði húsakost og mat. Klaustrið virðist hafa átt meiri reka – bæði timbur og hval – en önnur klaustur. (Sbr. 1. Bindi 578-580). Einnig reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs frá 1285. (2. Bindi bls 248-251).

Benediktisklaustur – sjálfstæðara gagnvart biskupi en Ágústínusarklaustur.

Árið 1290. Próventusamningur. Vísað í sömu kjör og aðrir próventumenn hafa. Orðalagið bendir til að próventa hafi þá verið algeng á staðnum. Ekkert sagt um húsnæði (2. bindi bls 269-270).

Árið 1363. Testamenti Benedikts Kolbeinssonar. Kaupir leg í stöplinum þar sem Borghildur kona hans liggur (3. bindi bls. 184-186. Bls 185 um legkaupið).

Árið 1373. Eiríkur Bárðarson selur klaustrinu jörð og fær borð á staðnum fyrir sig tveggja fardaga millum. Verður að auki að vinna frjálsglegan starfa. Þetta er einskona tímabundin próventa með vinnuskyldu. Dæmi um veraldlegan starfsmann (3. bindi bls 275).

Árið 1385. Maður kaupir leg í kirkjugarðinum (3. bindi bls 385).

Árið 1394. Próventa hjóna með vinnuskyldu fyrir bæði. Dæmi um veraldlegt starfsfólk (3. bindi bls. 499).

Árið 1443. Próventa hjóna. Mega byggja hús og vera þar saman á vetrum og „...girða það upp sjálf...“ Klaustrið fær sængurhúsið eftir andlát þeirra (4. bindi bls. 635-636).

Árið 1461. Skrá um alkirkjur: 1 prestur, 2 djáknar á Þingeyrum (5. bindi bls. 361).

Árið 1464. Próventa. „...skyldi Árni gera sér hús á staðnum ef hann vildi en ábóti fá við til...“ Dæmi um próventuhús (5. bindi bls 417).

Árið 1489. Maður kaupir próventu fyrir son sinn. Kostar 40 hundruð. Óvenjumikið. Fær rúm í skála. Dæmi um umönnun í klaustrinu (6. bindi bls. 658).

Árið 1494. Maður fær 6 hundruð í jörð fyrir tveggja ára vinnu fyrir klaustrið. „...sex hundruð er hann skyldi taka til sín í þjónustulaun fyrir það er hann var klaustursins þjónustumann uppá 2 ár...“ Dæmi um veraldlega vinnu fyrir klaustrið (7. bindi bls 303-3049).

Árið 1525. Sigurðarregistur fyrir Þingeyraklaustur. Miklar eignir. Langur listi yfir gripi (9. bindi bls. 312-316).

Árið 1527. Próventa. „...hafa hús á staðnum út af það er ábóti ánefndi...“ Ekki tilgreint nánar (9. bindi bls 426).

Árið 1552. Reikningur Þingeyraklausturs. Eignir og tekjur taldar upp. Bústofn heima á staðnum. „Alls 500 fjár og 8 sauðum fátt í.“ Nautgripir 50. 28 hestar (12. bindi bls. 454).

Þarna eru þrjú dæmi um húsbyggingar próventufólks á staðnum. Annars er nefndur stöpull og kirkjugarður. Skáli en engin önnur hús.

(Þarf að finna skjalið þar sem biskupi er meinuð koma í klaustrið. Bendir það til sérstakra klausturhúsa?)

Þingeyraklaustur hefur verið sjálfstætt gagnvart biskupi. Oft deilur og ábóti tekur ekki afstöðu með biskupi, sbr Sveinastaðareid.

Reynistaðarklaustur:

Heimildir um Reynistaðarklaustur eru að því leyti ólíkar heimildunum um hin klaustrin að það virðist ekki hafa tekið beinan þátt í stjórnsýslu á vegum biskups. Jafnframt á klaustrið í erfiðleikum með að verja eignarrétt sinn á jörðum og ítökum.

Klaustrið er stofnað 1295 (2. bindi bls 300) og stofnskrá þess ítrekuð af biskupi 1315 (2. bindi bls 397). Þarna er því varla að vænta klausturbygginga fyrr en á 14 öld. Klaustrið á hálfan staðinn. Bendir það til að Reynistaður hafi áfram verið staður með sóknarkirkju?

Próventusamningar eru nokkrir.

Árið 1380. Prestur fær próventu fyrir sig og systur sína (3. bindi 354 og 357.). Þar er ekkert um húsnæði fyrir þau.

Árið 1394. Próventa karls. Sérstaklega tekið fram að klaustrið leggur til „...hirzluhús út af skála það sem utan eru dyr á.“ (3. bindi bls. 496 til 498.)

Árið 1408 ráðsmannsskipti. Munir taldir upp. 12 sængurklæði, 15 spænicr. Segir þetta eitthvað um mannfjölda í klaustrinu? (3. bindi bls. 718)

Árið 1413. Tvær stúlkur ganga í klaustrið með meðgjöf. Eiga að læra í klaustrinu (3. bindi 750-751.) Hvað var kennt þar?

Árið 1427. Próventusamningur karls. Sérstaklega fyrirframgreitt fyrir leg í stöplinum. Annar fær hann „...litlu stofuna inni fyrir framan búr og þar með klefann“ (4. bindi bls. 343)

Árið 1429. Biskup ítrekar að hann er verndari fyrir „þeirra godz“ og á þar við systur á Reynistað (4. Bindu bls. 384- 385) Árið 1461 er en ítrekað að enginn megi ráðskast með eigur klaustursins án heimildar systra og biskups (5. bindi 226-227).

Árið 1431. Átta systur vígðar. Nafngreindar. Komu þær til viðbótar munnum sem fyrir voru? (4. bindi bls. 438).

Árið 1436. Sala á húsum á Reynistað. Fer fram í skemmuni. Selt er „...útibúrið á Stað. Það norðast er frá skalla nærst réttinni...“ Getur skalli verið skáli? (4. bindi bls. 564).

Árið 1459. Próventusamningur konu. Hún fær Litlu stofuna. (5. bindi bls. 194).

Árið 1461. Á Reynistað eru 2 prestar og tveir djáknar. Þar er alkirkja. Ekki tekið fram hvort þeir tilheyri klaustrinu (5. bindi bls 361).

Árið 1463. Biskup er á Reynistað. Semur um skuldaskil prests. Tekið fram að þetta er gert í kapitulahúsinu. (5. bindi bls 397).

Árið 1525. Sigurðarregistur fyrir Reynistaðarklaustur. (9. bindi. Bls 320-322). Klaustrið á kistur í kirkjunni og í kapitulunum. Líkneski Katrínar. Hvað segir það? Annars frekar lítið af bókum og munum. 37 bækur nefndar. Altarissteinar þrír. Tvær bríkur. Messuklæði sjö. Þetta er lítið og minna að því er virðist en á venjulegum kirkjustöðum í registrinu.

Hvergi er í bréfunum talað um próventukofa- eða hús. Þarna eru nefnd kirkja, stöpull, kapituli, skemma, skáli, hirsluhús, Litla stofa, búr, klefi og útibúr, sennilega fleiri en eitt því talað er um það „norðasta“. Rétt er við húsinn.

Hálfur staðurinn tilheyrir klaustrinu. Hvergi talað um sóknarkirkju nema að á Reynistað er alkirkja. Hvað segir þetta um möguleikann á að kirkjur hafi verið tvær; klausturkirkja og sóknarkirkja? Útbúnaður í klausturkirkjunni frekar lítill.

Helgafellsklaustur:

Ágústínusarklaustur. Ekki talað um klaustur fyrr en á 14. öld, bara stað.

Um árið 1274. Máldagi Jónskirkju að Helgafelli. „Staður Jóns postula að Helgafelli og kirkja sællar Maríu og Jón postula á allt heimaland...“ Helgafell er staður og miklar eignir fylgja. Klaustur ekki nefnt í máldaganum. „Þar skulu vera fimm messusöngsmenn, tveir djáknar og tvær messur hvern rúmhelgan dag.“ Þetta bendir til klausturs eða prestasambýlis (2. bindi bls. 115-116).

Um 1280. Máldagi. Rekaskrá. „Reki staðarins að Helgafelli...“ Aftur talað um stað en ekki klaustur (2. bindi bls. 164).

Árið 1364. Próventa. Engir skilmálar. Talað um klaustur (3. bindi bls 201).

Árið 1377. Strákur tekinn í læri fyrir tvær jarðir (3. bindi bls 312).

Árið 1377. Próventa. Engir skilmálar um hús. Talað um klaustur (3. bindi bls. 313).

Árið 1377. Strákur tekinn í læri í klaustrinu (3. bindi bls. 314).

Árið 1377-78. Máldagi. Eignir taldar. Heima á staðnum 30 kýr og 150 fjár + 100 veturgamalt. Mörg naut. 30 hross (3. bindi bls 325-378).

Árið 1397. Vilkinsmáldagi. „Klaustur að Helgafelli á heimaland allt...“ Jarðir taldar og nú einnig reki á Ströndum. Langur listi. Í kirkju: 20 manna messuklæði (4. bindi bls 165-172) Mætti bera saman við máldaga 1280. Mikið bæst við.

Árið 1416. Próventa. Ekki talað um húsnæði. Próventukaupið fór fram í „...stóru stofunni...“ að Helgafelli. (4. bindi bls. 247-248).

Árið 1362. Gefur jörð fyrir að fá að liggja að „...að Heilagri Helgafellskirkju...“ (6. bindi bls. 14).

Árið 1399. Próventa konu. „Hún skal og frjállega mega láta gera sér stofu og fá sjálf viðu til og smiðinn en klaustrið fæði hann.“ Klaustrið fær stofuna eftir hennar dag (6. bindi bls. 36.)

Árið 1490. Próventa hjóna. „Þau skulu og meiga láta gjöra sér frjállega hús og hafa þar konu til þjónustu við sig.“ Kaupið var gert í skálastofunni að Helgafelli. (6. bindi bls. 731).

Árið 1493. Próventa hjóna. Fá sæng í próventuskála. „Skulu þau mega láta gjöra sér upp hús uppá sinn kostnað.“ Klaustrið fær svo húsið (7. bindi bls. 156-157).

Árið 1497. Próvetna konu. „Hún skal og mega frjállega gjöra sér hús á sjálfs sinnar kostnað.“ Klaustrið fær svo húsið (7. bindi bls. 332).

Árið 1508. Próventa karls. „...skal mega gjöra sér hús uppá sjálfs síns kost þar sem ábótinn lofar“ (8. bindi bls. 221).

Árið 1509. Próvetna karls. „Ítem skal hann mega gera sér hús þar sem ábótinn lofar...“ (8. bindi bls. 276)

Árið 1513. Próventa karls. „Svo skyldum vér gjöra honum upp próventuhús á staðarins kostnað.“ Próventumaðurinn á að taka að sér sendiferðir innan sveitar (8. bindi bls. 420).

Árið 1570. Gíslamáldagi. Kirkjan á 37 kúgildi, heimalandið og 4 jarðir. Ekkert annað innanstokks og engan annan fríðan pening. Eins og venjuleg sóknarkirkja. (15 bindi bls. 602). Árið 1559 fær Eggert Hannesson Helgafellsklaustur á leigu fyrir 10 lestir af fiski. Klausturumboð og kirkjustaður eru því aðskilin fljótlega eftir siðaskipti (13. bindi bls 392).

Í bréfum Helgafellsklausturs eru próventuhús nefnd 7 sinnum. Þarna er líka talað um próventuskála, stóru stofu, skálastofu. Í Vilkinsmáldaga er mikið talið upp af munum í kirkjunni, nánast ekkert í Gíslamáldaga 173 árum síðar. Á tíma Stefáns

biskups Jónssonar virðast ábótar á Helgafelli oft sinna verkum fyrir hann. Ekkert dæmi um deilur við Skálholtsbiskup.

Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.